

Læknadagar 2007

– rætt við Örnú Guðmundsdóttur
formann Fræðslustofnunar LÍ

Hávar
Sigurjónsson

Læknadagar 2007 fóru fram með miklum ágætum dagana 15.-19. janúar og var það í 13. sinn sem dagarnir eru haldnir. Margt hefur þó breyst í áranna rás frá því í upphafi er Læknadagar voru eins konar námskeið fyrir deildarlækna fyrst og fremst og hefur síðan sprengt utan af sér húsnæði í þriggja, fyrst húsnæði LÍ, síðan Hótel Loftleiðir, og undanfarin fjögur ár á Hótel Nordica þar sem salarkynni hafa nægt til þessa en að sögn Örnú Guðmundsdóttur formanns Fræðslustofnunar LÍ sprengdi dagskráin og aðsókn það húsnæði nánast utan af sér í ár og fyrir dyrum stendur að finna nýtt húsnæði undir Læknadaga að ári.

„Þetta er stærsta íslenska læknaþingið sem haldið er hérlendis og ólíkt erlendum læknaráðstefnum að mörgu leyti, séríslenskt fyrirbrigði eiginlega, þar sem við erum ekki að birta eigin rannsóknarniðurstöður, heldur eru eingöngu fyrirlestrar og yfirlitserindi. Efnid er líka fjölbreyttara og margbreytilegra sem gerir þetta nokkuð sérstakt, mikill fjöldi sérgreina er kynntur og það gerir þetta að mikilvægu stefnumóti íslenskra lækna úr hinum ýmsu sérgreinum. Það er mjög mikilvægur þáttur Læknadaga sem ekki má vanmeta. Þetta er eitt af því sem verður að hafa í huga þegar verið er að þróa Læknadagana, að þeir snúast ekki bara um faglega læknisfræði heldur og ekki síður um stéttarvitund og samstöðu læknastéttarinnar. Þetta er í rauninni eini slíki vettvangurinn sem íslenskir læknar hafa til þess. Að hittast og skyggjast um leið inn í sérgreinar annarra sérfræðinga, sjá hvað þeir eru að fást við.”

Aðspurð um hvað henni hafi fundist einkenna Læknadaga í ár umfram annað segir Arna að áherslan á lýðheilsu og heilsupólítík hafi verið áberandi og ánægjuleg. „Það er mjög mikilvægt fyrir lækna að láta í sér heyra og liggja ekki á skoðunum sínum um þessi mál. Ég hef til dæmis fullan hug á því að leggja enn meiri áherslu á næstu Læknadögum á samskipti lækna og fjölmiðla, hvernig læknar eigi að nýta sér fjölmiðla og koma sér og sínum sjónarmiðum á framfæri við almenn- ing í gegnum fjölmiðlana. Það brennur svolítið á okkur og læknar eru hreinlega ekki nógu góðir í þessu.”

Finnst þér læknar almennt ekki nógu sýnilegir í fjölmiðlum?

„Já, því miður verð ég að segja það. Og það er að hluta okkur sjálfum að kenna. Við höfum ekki verið nógu dugleg að koma okkur á framfæri. Við höfðum fullan hug á því að koma efni Læknadaganna á framfæri við fjölmiðla í ár en það mistókst hrápallega. Það var ekki ein einasta frétt sem fjallaði um eitthvað af því fjölmarga frétt- næma og fróðlega efni sem þar kom fram. Þarna var 900 manna þing, með fjölda fyrirlesara, þar af um 20 erlenda sem allir eru fremstir á sínu sviði og ekkert birtist í fjölmiðlum. Þarna hefði sannarlega mátt gera betur og verður gert betur næst.”

Hefurðu skýringu á því hvers vegna læknar eru ekki sýnilegir en raun ber vitni?

„Hluti skýringarinnar er eflaust sá að áhugi fjölmiðla virðist fremur beinast að óhefðbundnum lækningum heldur en beinlínis læknávisindum. Margir læknar eru líka af einhverjum ástæðum tregir til að koma fram í fjölmiðlum, það er eins og við séum hrædd við að koma fram og tala manna- mál við almenn- ing því stundum er einsog við teljum okkur þurfa að lesa allar nýjustu vísinda- greinarnar og slá alla hugsanlega faglega varnagla, þegar spurningin snýst ofur einfaldlega um að við segjum skoðun okkar á tilteknu fyrirbæri.”

Arna segir að dagskrá Læknadaganna byggist á því efni sem læknar senda inn. „Það hefur sýnt sig að efnið er það vel undirbúið og vel unnið að ekki þarf að gera athugasemdir við það efnislega. Læknar eru bara orðnir það vanir að setja sitt efni fram á faglegan og vandaðan hátt að ekki þarf af hafa áhyggjur af því. Fjölbreytni þings- ins stafar einnig af þessu að við biðjum ekki um neitt tiltekið efni og setjum ekki fyrirfram neitt þema. Það er markviss stefna okkar. Þetta er sann- arlega stefnumót og upplýsingaveita fyrir íslenska læknastétt. Það kemur svo af sjálfu sér að efni sem kannski var áberandi eitt árið og margir fjölluðu um verður minna áberandi næsta ár vegna þess að þeir hinir sömu sjá ekki ástæðu til að flytja sama fyrirlesturinn tvö ár í röð. Síðan kemur það kannski upp aftur þriðja árið þegar ástæða er til að vekja athygli á nýjungum og þróun sem átt hefur



Arna Guðmundsdóttir
lyflæknir.

sér stað í greininni. Þetta er eðlilegt og þannig viljum við hafa það.”

Sífelld stækkandi umfang Læknadaganna hefur kallað á breytt skipulag við undirbúning og framkvæmd og segir Arna að meginbreytingin sem orðið hafi núna sé fólgin í því að ráðstefnufyrirtækið Iceland Travel var fengið til að sjá um alla daglega umsýslu. „Þetta létti mjög af okkur í Fræðslustofnun LÍ sem vinnum alla vinnu í sjálfboðavinnu fyrir Læknadaga. Þá höfðum við einnig annan hátt á samstarfi við bakhjarla Læknadaganna, og buðum þremur lyfjafyrirtækjum að gerast Gull-, silfur- og bronsbakhjarlar og taka að sér ákveðin málþing. Þessi málþing voru haldin alfarið á vegum fyrirtækjanna eftir að formlegir dagskrá þingsins lauk á daginn. Fyrirtækin sendu inn tillögur að spennandi efni og þannig var valið á milli þeirra. Fram að þessu hafði eitt lyfjafyrirtæki stutt við bakið á Læknadögum en okkur þótti þetta heppilegra og sanngjarnara fyrirkomulag. Með þessu leggjum við líka ákveðnar skyldur

á herðar bakhjarlanna sem þeir tóku reyndar að sér með glöðu geði. Þessi nýjung veitir auk þess þeim læknum sem ekki komast frá á dagvinnutíma tækifæri til að sækja þarna fræðslu.”

Arna segir að þær raddir hafi vissulega komið upp hvort ekki ætti að opna Læknadaga fyrir öðrum heilbrigðisstéttum. „Ég er algjörlega á móti því. Þetta er vettvangur lækna til að bera saman bækur sínar og ef úr þessu yrði gert þing heilbrigðisstétta þá væri botninn dottinn úr þessu hvað lækna varðaði. Þeir myndi hreinlega hætta að mæta. Vissulega er margt á Læknadögum sem getur nýst öðrum heilbrigðisstéttum og það er þannig að ákveðnir hlutar dagskrárinnar eru þeim opnir. Viðkomandi hafa þá keypt sér dagpassa til að sækja málþing sem tengjast þeirra starfsvettvangi oftast fyrir tilstuðlan þeirra lækna sem hafa skipulagt málþingið. En fyrst og fremst eru Læknadagar stefnumót íslenskrar læknastéttar og þannig finnst mér það eiga að vera áfram.”